Hr. Sigurður Ingi Jóhannsson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 11. nóvember 2013
nr. erindis *1311029 GS*

Efni: **Áskorun frá bæjarráði Stykkishólmsbæjar vegna síldveiða**

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 var 350 tonna síldarkvóta úthlutað til smábáta á Breiðafirði. Bæjarráð Stykkishólmsbæjar fagnar því að úthlutað hafi verið 900 tonna kvóta til smábáta fiskveiðiárið 2012/2013. Kvóti fiskveiðiársins 2013/2014 er einungis 500 tonn sem þegar hefur verið úthlutað, en það magn er einungis einn hundraðasti af því sem talið er að hafi drepist í Kolgrafarfirði á síðustu vertíð. Einnig má vísa til 30% aukningar á heildarkvóta til síldveiða á milli fiskveiðiáranna 2012/2013 og 2013/2014 .

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar telur sem fyrr að öll rök séu fyrir að hagkvæmt og rétt sé að heimila síldveiðar smábáta í net í mun meira magni en gert er.

Netaveiðarnar eru umhverfisvænar og koma sjómenn með gæða hráefni til vinnslu. Aflinn er unninn mjög ferskur og útgerðamenn borga 13 krónur í veiðigjald til ríkisins af hverju kílói. Reynslan sýnir að þegar fyrirkomulag veiða og vinnslu er með þessum hætti er verðmæta- og atvinnusköpunin eins og best verður á kosið.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar skorar á Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að auka verulega við síldarkvóta til netaveiða á Breiðafirði.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

_____
Gyða Steinsdóttir,
bæjarstjóri.